

**Þinggerð 62. ársþings KSÍ,  
haldið á Laugardalsvelli, 9. febrúar 2008**

Þingið setti formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, 9. febrúar kl. 11:00 og mælti svo:

Góðir þingfulltrúar.

Það er oft talað um pýramídaskipulag knattspyrnunnar og hversu mikilvægt sé að standa vörð um það. Á undanförunum árum hefur forystumönnum UEFA og FIFA verið tíðrætt um þetta í baráttu við stærstu og ríkustu félagslið Evrópu og í baráttu fyrir viðurkenningu á sérstöðu íþrótta innan Evrópusambandsins. Nú hafa UEFA og FIFA nýlega náð samkomulagi við stærstu félög Evrópu og knattspyrnuhreyfingin er sameinuð. Evrópusambandið steig mikilvægt skref í þá átt að viðurkenna sérstöðu íþrótta á árinu sem vonandi mun efla sjálfstæði þeirra í samfélagi þjóðanna. Þó að knattspyrnunni fylgi gríðarleg viðskipti, sér í lagi í keppni hinna bestu, þá má knattspyrnuleikurinn ekki lúta lögmálum hins frjálsa markaðar þar sem allt er fallt ef rétt verð er í boði. Pýramídaskipulagið verður að halda og þeir sem eru í fremstu röð verða að standa vörð um grasrótina, þaðan sem allir leikmenn koma.

En hvað varðar okkur um þessi mál hér á Íslandi. Jú, íslensk knattspyrna byggir á sömu lögmálum. Við verðum að standa vörð um pýramídaskipulag knattspyrnunnar og það mikla uppbyggingarstarf sem unnið er um land allt. Það er skylda okkar að vinna að uppbyggingu knattspyrnunnar á öllum stigum með hagsmuni heildarinnar í huga. Í þessu starfi verðum við að temja okkur víðsýni. Það er ekki nóg að knattspyrnan þrífist eingöngu á höfuðborgarsvæðinu - við verðum að ná til landsins alls. Byggðapróun hefur auðvitað mikið að segja og getur gert okkur erfitt fyrir en við verðum að halda vöku okkar. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að stjórn KSÍ hefur ákveðið að skerpa á hlutverki landshlutafulltrúanna og skipuleggja betur þeirra störf á landssvæðunum þannig að þeir verði í nánari sambandi við aðildarfélög KSÍ. Fundir verða haldnir á landsvæðunum á hverju vori fyrir upphaf keppnistímabilsins með aðildarfélögum og forystufólki KSÍ auk þess sem landshlutafulltrúar stefna að heimsókn til hvers og eins félags, á stjórnar- eða aðalfund. Annað mikilvægt skref til jafnaðar var tekið þegar stjórn KSÍ ákvað að greiða barna- og unglingastyrk til allra félaga innan okkar vébanda í fyrsta sinn svo fremi sem þau sinni slíku starfi og taki þátt í mótum á vegum sambandsins. Til viðbótar við framlag UEFA sem var tæpar 20 m. kr. var bætt 17 m. kr. úr sjóðum KSÍ. Nú hyllir undir fyrstu úthlutun á ferðastyrk til íþróttafélaga og er það vel þó að ekki séu miklir fjármunir til skiptanna. Vonandi sóttu öll okkar aðildarfélög um slíkan styrk til ÍSÍ - þannig má best meta þörfina. KSÍ mun fylgjast vel með framgangi þessa máls og standa vörð um hagsmuni okkar aðildarfélag.

Fjárframlög til aðildarféлага frá sambandinu voru meiri en áður hefur þekkt í starfi KSÍ en auðvitað er þörfin mikil. KSÍ hefur miklum og vaxandi skyldum að gegna en öflug aðildarfélög eru hins vegar forsenda framfara. Með þetta í huga vil ég greina ykkur frá þeirri hugmynd minni að KSÍ greiði í framtíðinni aðildarfélögum sínum afreksstyrk þegar leikmenn taka þátt í forkeppni EM eða HM með A landsliði Íslands. Þetta gæti verið um hálf til ein milljón króna á leik sem skiptist á milli aðildarféлага KSÍ, núverandi félags leikmanns og þeirra féлага sem hann hefur verið í frá 12 ára aldri. Það er von mín að þetta geti orðið að veruleika - ekki síðar en 2010.

KSÍ hefur átt frábært samstarf við ríkisvaldið og sveitastjórnir sl. ár við uppbyggingu sparkvalla, aðstöðu áhorfenda og hvers kyns knattspyrnumannvirkja. Í raun hefur grettistaki verið lyft í þessum málaflokki á síðasta áratug. Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum 17. janúar sl. reglugerð um mannvirkjasjóð KSÍ og við höfum þegar fengið 15 m. kr. framlag úr ríkissjóði í hann. Hugmyndin er sú að úthluta árlega um 50 m. kr. næstu 4 árin til mannvirkjagerðar og mun Lúðvík S. Georgsson gera betur grein fyrir þessu síðar í dag.

Ég ætla ekki að rekja viðburði sl. árs í löngu máli - þeim er gerð góð skil í ársskýrslu KSÍ. Ég vil þó óska sigurvegurum ársins til hamingju - Val sem varð Íslandsmeistari í meistaraflokki karla og kvenna - FH sem varð bikarmeistari í meistaraflokki karla - og KR sem varð bikarmeistari í meistaraflokki kvenna. Aldrei hafa jafn mörg félög farið upp um deild í Íslandsmóti meistaraflokks vegna fjölgunar og hleypti það miklu lífi í Íslandsmótið. Hamingjuóskir til allra félaga sem náðu að færa sig upp um deild. Framundan er keppnistímabil með nýju fyrirkomulagi - 12 lið í þremur efstu deildum Íslandsmóts karla og 10 lið í Landsbankadeild kvenna í fyrsta sinn. Reynslan af 12 liða 1. deild karla var góð og gefur góð fyrirheit um komandi knattspyrnusumar. Leyfiskerfi KSÍ hefur verið útvíkkað og nú gangast í fyrsta sinn 24 lið, þ. e. liðin sem unnið hafa sér rétt til þátttöku í Landsbankadeild karla og 1. deild karla, undir kröfur þær sem settar eru fram í leyfishandbók KSÍ.

Rétt er að hvetja félögin til dáða en nú nálgast skiladagur fyrir fjárhagsleg gögn þ. e. 20. febrúar. Ég get greint frá því að þau gögn sem félögin skiluðu 15. janúar sl. lita í heild vel út og vil ég hrósa félögum fyrir þau skil.

Árið var mér persónulega minnisstætt - ég var glaður og stoltur að fá traust ykkar til að gegna starfi formanns. Knattspyrnuleikurinn er mér hjartans mál. Það má líka segja um góðan vin okkar Halldór B Jónsson, varaformann, sem veiktist alvarlega á árinu. Halldór var heilinn og hjartað í skipulagningu íslenskrar knattspyrnu til svo margra ára. Halldór er nú allur að braggast og ég vona að þið sjáið hann hressan á vellinum í sumar. Auðvitað tók á að missa svo öflugan mann úr starfinu og þá var mikið átak að ljúka endurbótum á vesturstúku Laugardalsvallar og byggingu nýrra höfuðstöðva KSÍ sem hýsa skrifstofur, fræðslusetur og þjónusturými fyrir völlinn. Þess dagana vinnum við að uppgjör á kostnaði við framkvæmdirnar en þær fóru töluvert fram úr áætlun. Við munum vonandi ljúka því máli í góðri sátt við Reykjavíkurborg og KSÍ til heilla. Vígsla höfuðstöðva KSÍ í sumar var hápunktur 60 ára afmælis KSÍ ásamt því að halda hér úrslitakeppni EM U19 kvenna. Framkvæmd keppinnar var KSÍ til sóma. Mikilvægt var að ljúka starfsárinu með því að framlengja núverandi samstarf okkar við Sportfive hvað varðar sjónvarps- og markaðsrétt KSÍ til tveggja ára eða fyrir árin 2010 og 2011.

Ég hef lítið sem ekkert rætt um leikinn sjálfan. Árið var erfitt hjá A landsliðið karla á meðan A landslið kvenna gerði frábæra hluti. Það var mikil viðurkenning fyrir knattspyrnu kvenna þegar Margrét Lára Viðarsdóttir var kjörin íþróttamaður ársins. Í heild stóðu yngri landsliðin sig vel. Það góða við knattspyrnuna er að nýtt ár býður ávallt upp á ný tækifæri og það er mikilvægt að Ísland standi sig vel á knattspyrnuvellingum á þessu ári. Draumurinn um að komast í úrslitakeppni EM gæti ræst hjá A landsliði kvenna en á sama tíma þarf A landslið karla að sanna sig í forkeppni HM 2010 á móti öflugum knattspyrnuþjóðum. Ólafur Jóhannesson tók við stjórn liðsins 1. nóvember sl. Ég óska honum alls hins besta í komandi átökum um leið og ég þakka Eyjólf Sverrissyni góð störf og frábært samtarf. Það er mikilvægt að við sem hér erum stöndum við bakið á landsliðsþjálfaranum og aðstoðum hann í vandasömu verkefni.

Ég lýk máli mínu á að þakka ykkur forystusveit íslenskrar knattspyrnu fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Ég er þakklátur fyrir það traust sem þið hafið sýnt mér og óska ykkur gæfu á komandi keppnistímabili. Ársþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga, fyrst og fremst nú breytinga á lögum KSÍ og forystu, en með samþykkt nýrra laga KSÍ á síðasta ársþingi er það ekki lengur eitt að meginverkefnum knattspyrnuþings að samþykkja breytingar á reglugerðum KSÍ - það verk liggur nú hjá stjórn KSÍ. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti.

Verkefnin framundan eru eins og alltaf fjölmörg. KSÍ getur alltaf gert betur og við stefnum ávallt að betri árangri á knattspyrnuvellingum. Í því sambandi verðum við að gera okkur raunhæfar væntingar. Framfarir í knattspyrnu á heimsvísu eru miklar eins og allir sjá og því verður samkeppnin sífellt harðari á alþjóðavettvangi.

Íslensk knattspyrna nýtur nú mikilla vinsælda og íslensk knattspyrnuhreyfing stendur við setningu þessa knattspyrnuþings traustum fótum - ég segi 62. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

---

### **Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár**

Geir Þorsteinsson afhenti Val kvennabikarinn.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, veitti Geir Magnússyni íþróttafréttamanni RÚV knattspyrnupennann fyrir vandaða umfjöllun um knattspyrnu.

Geir Þorsteinsson afhenti Drago stytturnar, til Vals í Landsbankadeild karla og til Fjarðabyggðar í 1. deild karla.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Ólafur Björnsson, formaður, UMSK  
Eiríkur Einarsson, ÍBR  
Jón Gíslason, ÍS

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson  
2. þingforseti: Steinn Halldórsson

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson  
2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

- Ólafur Rafnsson, forseti Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands tók til máls og flutti kveðju til KSÍ. Ólafur ræddi meðal annars um menntun stjórnenda í íþróttahreyfingunni og sparkvallaráttak KSÍ sem hann sagði vera til fyrirmyndar. Hann þakkaði jafnframt Halldóri B Jónssyni fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi.

---

**Álit kjörbréfanefndar**

Ólafur Björnsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSH (4): Aðalsteinn Snæbjörnsson, Hilmar Hauksson, Magnús Þór Jónsson og Kristmundur Sumarliðason.

Frá HSK (7): Hermann Ólafsson, Óskar Sigurðsson, Sveinbjörn Másson, Hjörtur Sveinsson, Valgeir Ásgeirsson, Garðar Geirfinnsson og Adolf Bragason.

Frá HSV (1): Jón Páll Hreinsson.

Frá HSP (2): Guðbjartur Ellert Jónsson og Olgeir Sigurðsson.

Frá ÍA (4): Sigrún Ríkharðsdóttir, Örn Gunnarsson, Þorbjörg Magnúsdóttir og Þórður Guðjónsson.

Frá ÍBA (4): Unnsteinn E. Jónsson, Þórólfur Sveinsson, Tómas Lárus Vilbergsson og Gunnar Björnsson.

Frá ÍBH (8): Jón Rúnar Halldórsson, Pétur Stephensen, Lúðvík Arnarson, Viðar Halldórsson, Júlíus Pálsson, Björgvin Helgi Stefánsson, Páll Guðmundsson og Hafsteinn Ellertsson.

Frá ÍRB (7): Rúnar V. Arnarson, Ólafur Bjarnason, Hjördís Baldursdóttir, Oddur Sæmundsson, Thor Ólaf Hallgrímsson, Andrés Ottósson og Leifur Gunnlaugsson.

Frá ÍBR (30): Jóhann Sævar Kjartansson, Magnús Stefánsson, Hörður Antonsson, Guðrún Hjartardóttir, Guðjón Kristinnsson, Jónas Kristinnsson, Jónas Sigurðsson, Baldur Stefánsson, Börkur Edvardsson, Óthar Edvardsson, Björn Guðbjörnsson, Jón Grétar Jónsson, Atli Þór Þorvaldsson, Jón Þorbjörnsson, Bragi Gunnarsson, Brynjar Jóhannesson, Júlíus Guðmundsson, Ásmundur Vilhelmsson, Finnþógi Hilmarsson, Sigurður K. Sveinbjörnsson, Ásmundur Helgason, Róbert Arnþórsson, Davíð Jónsson, Eiríkur Einarsson, Heimir Gunnlaugsson, Björn Einarsson, Matthías Imsland, Jakob Hrafnsson, Zakaria Elías Anbari og Steinn Halldórsson.

Frá ÍBS (1): Brynjar Harðarson.

Frá ÍBV (3): Magnús Gylfason, Kristján Georgsson og Gestur Magnússon.

Frá ÍS (9): Jón Gíslason, Ingvar Guðjónsson, Gunnar Már Gunnarsson, Ragnar Ragnarsson, Einar Jón Pálsson Heiðar Þorsteinsson, Sigursveinn B. Jónsson, Kristján H. Jóhannsson og Sigurður Enoðsson.

Frá UÍA (5): Egill Þorsteinsson, Guðmundur Ingvason, Ingimar Guðmundsson, Pétur F. Gíslason og Heimir Pétursson.

Frá UÍÓ (1): Kristján Hauksson.

Frá UMSE (1): Björn Friðþjófsson.

Frá UMSB (1): Einar Þ. Eyjólfsson.

Frá UMSK (17): Svavar Jósefsson, Einar Kristján Jónsson, Ólafur Björnsson, Þorsteinn Hilmarsson, Andrés Sigurðsson, Páll Grétarsson, Helga Helgadóttir, Grétar Björn Sigurðsson, Jóna Björg Jónsdóttir, Halldór K. Valdimarsson, Kristín S. Guðmundsdóttir, Snorri Gissurarson, Hallur Birgisson, Halldóra Björnsdóttir, Hilmar Steinar Sigurðsson, Birgir Hákonarson og Valdimar Leó Friðriksson.

Frá UMSS (1): Guðjón Örn Jóhannsson.

Enginn mætti frá: HHF, HSB, HSS, UDN, UNÞ, USAH, USÚ, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar (106) mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

---

**Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.**

**Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

- Jón Rúnar Halldórsson tók til máls og óskaði eftir frekari sundurliðun skýringa með reikningum. Ennfremur vildi Jón að upplýsingar um laun helstu stjórnenda væru birt.
- Víðar Halldórsson tók til máls og lýsti yfir ánægju sinni með skýrslu stjórnar. Hann lýsti yfir áhyggjum af árangri A landsliðs karla og vildi að Laugardalsvöllur yrði án hlaupabrauta í framtíðinni.
- Guðrún Inga svaraði framkomnum spurningum um reikninga sambandsins.

**Reikningar sambandsins voru samþykktir.**

---

### Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 8

Tillögur á þingskjölum 6 til 8 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

## Þingskjal 6

- Þórir Hákonarson hafði framsögu.

## Rekstraráætlun 2008

	Skýr.	Áætlun 2008	Raun 2007	Áætlun 2007
<b>Rekstrartekjur</b>				
Styrkir og framlög	1	239.000.000	216.562.738	190.985.000
Tekjur af landsleikjum		39.000.000	43.873.885	48.000.000
Sjónvarpsréttur		129.000.000	83.924.250	83.924.250
Aðrar rekstrartekjur		23.500.000	37.013.645	21.950.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar		53.000.000	53.077.096	44.075.000
		<b>483.500.000</b>	<b>434.451.614</b>	<b>388.934.250</b>
<b>Rekstrargjöld</b>				
Kostnaður við landslið	2	-206.400.000	-191.400.653	-171.439.000
Mótakostnaður		-57.500.000	-48.790.641	-42.000.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3	-155.100.000	-140.683.675	-121.885.000
Annar rekstrarkostnaður	4	-18.200.000	-10.995.614	-11.400.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar		-42.500.000	-52.438.959	-33.690.000
Afskriftir		-29.000.000	-24.990.018	-27.500.000
		<b>-508.700.000</b>	<b>-469.299.560</b>	<b>-407.914.000</b>
<b>Tap fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>-25.200.000</b>	<b>-34.847.946</b>	<b>-18.979.750</b>
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>				
Styrkir vegna sparkvallaverkefnis		0	74.805.927	80.000.000
Framkvæmdakostnaður vegna sparkv.		0	-74.805.927	-80.000.000
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ		50.000.000		
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ		-50.000.000		
Styrkir og framlög til aðildarféлага		-34.000.000	-37.553.928	-25.000.000
Fjármunatekjur		70.000.000	149.615.552	55.000.000
Fjármagnsgjöld		-10.000.000	-10.643.216	-10.000.000
		<b>26.000.000</b>	<b>101.418.408</b>	<b>20.000.000</b>
<b>Hagnaður ársins</b>		<b>800.000</b>	<b>66.570.462</b>	<b>1.020.250</b>

## Skýringar

	Áætlun 2008	Raun 2007	Áætlun 2007
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	18.500.000	20.281.558	18.000.000
Getraunir	3.500.000	3.394.890	3.500.000
UEFA styrkir	132.000.000	117.454.290	93.485.000
FIFA styrkur	15.500.000	15.932.000	17.500.000
Ýmsir styrkir	69.500.000	59.500.000	58.500.000
	<b>239.000.000</b>	<b>216.562.738</b>	<b>190.985.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	90.200.000	90.063.666	70.095.000
U-21 landslið karla	13.700.000	13.392.421	13.902.000
U-19 landslið karla	10.300.000	9.651.666	10.805.000
U-17 landslið drengja	16.400.000	17.884.215	13.931.000
A-landslið kvenna	32.200.000	25.755.052	24.220.000
U-19 landslið kvenna	12.200.000	7.822.113	16.570.000
U-17 landslið stúlkna	15.700.000	8.884.021	9.143.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	15.700.000	17.947.499	12.773.000
	<b>206.400.000</b>	<b>191.400.653</b>	<b>171.439.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	99.900.000	86.147.010	79.450.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	55.200.000	54.536.665	42.435.000
	<b>155.100.000</b>	<b>140.683.675</b>	<b>121.885.000</b>
<b>4. Annar rekstrarkostnaður</b>			
Fræðslukostnaður	12.000.000	8.643.225	8.500.000
Þátttökuleyfi	1.500.000	993.945	1.700.000
Ýmis kostnaður	4.700.000	1.358.444	1.200.000
	<b>18.200.000</b>	<b>10.995.614</b>	<b>11.400.000</b>

Enginn tók til máls um tillöguna.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt.

**Þingskjal 7**

- Jón Páll Hreinsson hafði framsögu.

**Tillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Heimilt að setja alla (5) varamenn inn á í leik í forkeppni  
og í 1. umferð bikarkeppni KSÍ í mfl. karla og kvenna –**

**Lagt er til að í kafla IV, grein 23, um meistaraflokk karla, bætist við eftirfarandi grein um leikmannaskipti:**

- Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik í forkeppni og í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ.

**Í kafla IV, grein 32, um meistaraflokki kvenna, bætist eftirfarandi grein um leikmannaskipti:**

- Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik í forkeppni og í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ.

**Greinargerð:**

Það er ósk okkar að liðum í forkeppni og í 1. umferð Bikarkeppni KSÍ verði heimilt að notast við alla (5) varamenn ef þess er þörf. Núverandi fyrirkomulag heimilar þrjár leikmannaskiptingar þó svo flest öll lið í forkeppninni og í 1. umferðinni notist við fimm leikmannaskiptingar í deildarkeppni KSÍ. T.d. voru 30 af 32 liðum sem léku í forkeppninni og eða í 1. umferð Bikarkeppni karla 2007 skráð til leiks í 3. deild eða utan deildar.

Bikarkeppni KSÍ er mót með sérstöðu sem allir vilja taka þátt í og með þeim möguleika að fjölga leikmannaskiptingum opnast möguleiki fyrir fleiri leikmenn að verða þátttakendur í þessari keppni, sem oftast en ekki eru ungir óreyndir leikmenn sem upplifa og öðlast mikilvæga reynslu af þátttöku í bikarleikjum.

Þetta er breyting sem ætti að verða bikarkeppninni (forkeppninni og 1. umferð) og þátttökuliðunum til framdráttar; fleiri frískir fætur, meiri fótbolti og fleiri mörk.

**BÍ88 Ísafirði  
Höfrungur Þingeyri**

- Lúðvík S. Georgsson tók til máls og lagði til að tillögunni yrði vísað til stjórnar til frekari skoðunar og ákvörðunar fyrir næsta tímabil.

**Tillaga Lúðvíks S. Georgssonar um að vísa tillögunni á þingskjali 7 til stjórnar var samþykkt.**

**Þingskjal 8**

- Framsögu hafði Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.

**Tillaga að jafnréttisáætlun KSÍ****Inngangur:**

Með samþykkt jafnréttisstefnu fyrir Knattspyrnusamband Íslands er gefinn tónn fyrir íslenska knattspyrnu í jafnréttismálum. Markmið með jafnréttisstefnu er að tryggja jafna möguleika allra til knattspyrnuíðkunar á Íslandi. Jafnréttisstefnan byggir á gildandi lögum og mannréttindasáttmálum sem Ísland er aðili að. Saman munu KSÍ og aðildarfélög þess huga sérstaklega að jafnréttismálum í starfsemi sinni.

**Leiðarljós:**

Markmið með jafnréttisstefnu KSÍ er að sjónarmið jafnréttis verði samofið allri knattspyrnuíðkun á Íslandi. KSÍ lítur á jafnréttismál sem lið í gæðastarfi knattspyrnuhreyfingarinnar á Íslandi þannig að allir knattspyrnuíðkendur á Íslandi eigi jafna möguleika til sinna íþrótt sinni og ná fram þroska í greininni.

Jafnréttisstefnan nær til allra þeirra sem leika og starfa innan Knattspyrnusambands Íslands.

Það er vilji Knattspyrnusambands Íslands að allir, óháð kyni, stöðu og búsetu, hafi jafna möguleika á knattspyrnuíðkun og jafnréttissjónarmið séu samþætt allri starfsemi.

**Markmið:**

Markmið með jafnréttisstefnu KSÍ er að allt jafnréttisstarf innan knattspyrnuhreyfingarinnar verði markvisst og skipulagt ferli sem fléttast inn í alla þætti knattspyrnunnar. Þannig mun öllum knattspyrnuíðkendum verða gert kleift að stunda íþrótt sína og ná árangri óháð kynferði, trúarbrögðum, skoðunum, þjóðernisuppruna, kynþætti, litarhætti, kynhneigð, efnahagi, búsetu, ætterni og stöðu að öðru leyti.

**Leiðir:**

Til að stuðla að jafnrétti leggur KSÍ áherslu á:

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi KSÍ og allir hafi sömu tækifæri.
- Að í starfi KSÍ verði gætt jafnréttis við skipun í stjórnir, ráð og nefndir á vegum þess og við ráðningu starfsfólks.
- Að veita þeim einstaklingum sem valdir eru til verkefna á vegum KSÍ jöfn tækifæri og gera engan greinarmun á drengja- og stúlknaðiðum við útteilingu æfingartíma.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum liðum. Gerðar eru sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaðiða. Að iðkendur, starfsmenn, stjórnarmenn og aðrir þeir sem hafa hlutverki að gegna innan KSÍ hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan Íslands. Athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem meiðandi og særandi athugasemd um uppruna þeirra eiga ekki heima innan hreyfingarinnar.
- Að iðkendur og aðrir leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að þeim kostum sem knattspyrnan býður upp á og aðilar séu meðvitaðir um menningarmun.
- Að fræðsla um jafnréttismál innan knattspyrnuhreyfingarinnar verði hluti af kynningar- og útbreiðslustarfi KSÍ og lögð verður áhersla á að þjálfarar og forsvarsmenn félaga fái fræðslu og ráðgjöf í jafnréttismálum.

**Aðgerðaráætlun vegna jafnréttismála árið 2008-2009:**

- Skipaður sérstakur jafnréttisfulltrúi - sem hefur það hlutverk að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið innan knattspyrnunnar á Íslandi.
- Jafnréttisumferð í efstu deild karla og kvenna.
- Sérstakt átaksverkefni í því að fjölga kvendómurum og þjálfurum.
- Dagur kvennaknattspyrnunnar – virkja fleiri stelpur í íþróttinni.
- Konur í stjórnir knattspyrnufélaga – fjölga þátttöku kvenna í stjórnnum félaga t.d. með markvissri leiðtogafræðslu.



- Jafnréttisviðurkenning KSÍ veitt á ársþingi KSÍ – einstaklingi eða félagi sem hefur unnið framúrskarandi starf á sviði jafnréttismála innan íslenskrar knattspyrnu og eða stuðlað að framgangi jafnréttis í íslenskri knattspyrnu.

### Stjórn KSÍ

- Unnsteinn Jónsson tók til máls og ræddi um nokkur atriði í tillögunni sem hann hafði efasemdir um, þar á meðal um það markmið að allir hefðu sömu tækifæri til að stunda knattspyrnu án tillits til efnahags og búsetu.
- Gylfi Dalmann tók til máls og skýrði málið betur.

**Tillagan á þingskjali 8 var samþykkt.**

---

### Önnur mál

- Lúðvík S. Georgsson kynnti breytingar á reglugerðum sem stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum 8. febrúar 2008.
- Lúðvík S. Georgsson kynnti reglugerð KSÍ um mannvirkjasjóð og ýmis mannvirkjamál.
- Jón Gunnlaugsson kynnti stefnu KSÍ í grasrótarmálum og vinnu útbreiðslunefndar í málaflokknum.
- Magnús Jónsson kynnti dómaramál KSÍ.
- Sigurður R. Eyjólfsson kynnti fræðslumál KSÍ.
- Jón Þorbjörnsson, Fjölni, tók til máls og fjallaði um kynþáttafordóma og ómaklega umræðu um félagið. Þá fjallaði Jón einnig um aðstöðu Fjölnis og kröfur KSÍ um aðstöðu áhorfenda og kröfur KSÍ um samninga leikmanna. Hann taldi að kröfur KSÍ á þessum sviðum væru of miklar.

**Kosningar**

- Álit kjörnefndar flutti Unnsteinn Jónsson.

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda:

**Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:**

Björn Guðbjörnsson	Reykjavík
Ingibjörg Hinriksdóttir	Kópavogi
Jón Gunnlaugsson	Akranesi
Lúðvík S. Georgsson	Reykjavík
Rúnar V. Arnarson	Keflavík

Kosning fór fram samkvæmt lögum KSÍ og féllu atkvæði þannig:

Jón Gunnlaugsson 102 atkvæði
Lúðvík S. Georgsson 99 atkvæði
Ingibjörg Hinriksdóttir 94 atkvæði
Rúnar V. Arnarson 87 atkvæði
Björn Guðbjörnsson 30 atkvæði

Jón Gunnlaugsson, Lúðvík S. Georgsson, Ingibjörg Hinriksdóttir og Rúnar V. Arnarson voru því réttkjörin í aðalstjórn KSÍ til tveggja ára.

**Kosning til aðalstjórnar til eins árs:**

Þar sem Halldór B Jónsson varaformaður KSÍ til margra ára hefur látið af störfum í stjórninni vegna veikinda ákvað stjórn KSÍ að fram færi kosning um sæti hans til eins árs.

Þórarinn Gunnarsson hafði þegar boðið sig fram en þingforseti óskaði eftir öðrum framboðum. Enginn bauð sig fram og því var Þórarinn Gunnarsson sjálfkjörinn í aðalstjórn KSÍ til eins árs.

**Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:**

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland	Guðmundur Ingvason, UÍA
Suðurland	Einar Friðþjófsson, ÍBV

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning til varastjórnar til eins árs**

Jóhannes Ólafsson
Kjartan Daníelsson
Sigvaldi Einarsson

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Vesturland	Jón Páll Hreinsson, HSV
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Valdemar Einarsson, USÚ
Suðurland	Einar Jónsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson Guðmundur Pétursson Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

**Endurskoðandi**

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

**Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Gísli Gíslason, formaður  
Steinn Halldórsson  
Unnsteinn Jónsson

---

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**

**Þingslit**

Þingforseti þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og fól Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ, að slíta þingi.

Formaður KSÍ, Geir Þorsteinsson, þakkaði þingforsetum og þingriturum fyrir góð störf. Hann þakkaði þeim Ástráði Gunnarssyni og Halldóri B. Jónssyni fyrir þeirra farsælu störf til handa íslenskrar knattspyrnu en þeir stigu báðir úr stjórn KSÍ á þessu þingi. Geir þakkaði þingheimi fyrir góð störf og hvatti þingfulltrúa til að vinna áfram að framgangi knattspyrnunnar og óskaði þeim alls hins besta í störfum sínum. Hann þakkaði starfsfólki þingsins fyrir góð störf og óskaði þingheimi góðrar heimferðar.

Að svo loknu sleit Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, 62. ársþingi sambandsins.

Guðmundur Pétursson  
1. þingforseti  
(sign.)

Ágúst Ingi Jónsson  
1. þingritari  
(sign.)

Steinn Halldórsson  
2. þingforseti  
(sign.)

Klara Bjartmarz  
2. þingritari  
(sign.)